

**Heiti áætlunar:** Grenndarkennsla

**Tímabil:** 31.08.2015-30.05.2016

**Hópur:** 7. bekkur

**Nafn:** Sara Diljá Hjálmarsdóttir

**Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá**

## **Landafræði**

### **Svæði**

- þekkinga örnefni stjórnsýslueininga í heimabyggðinni (s.s. borgar, sýslu, hrepps og bæjar)
- þekkinga þróun búsetu í eigin heimabyggð og mismunandi notkun lands og bygginga og geta borið saman við það sem gerist annars staðar
- gera sér grein fyrir mismunandi einkennum svæða og samskiptum þeirra á milli eftir því sem við á

### **Kennsluaðferðir**

---

**Bein kennsla**

**Efniskönnun**

**Fræðslumyndir**

**Fyrirlestrar**

**Heildstæð verkefni**

**Heimildarvinna**

**Viðfangsefni tengd daglegu lífi**

### **Námsmat**

---

**Sjálfsmat**

**Mat á frammistöðu í tímum**

**Munnlegt próf**

**Verkmöppumat**

**Annað**

Sjálfsmat 20%, mat á frammistöðu í tímum 20%, munnlegt próf 40% og verkmöppumat 20%.

**Heiti áætlunar:** Íslenska

**Tímabil:** 28.08.2015-28.09.2015

**Hópur:** 7. bekkur

**Nafn:** Sara Diljá Hjálmarsdóttir

**Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá**

## **Íslenska**

### **Bókmenntir**

- læri utanbókar nokkrar vísur og ljóð og fjalli um mismunandi ljóðagerð
- lesi og ræði um mismunandi lausamálstexta, smásögur, þjóðsögur, goðsögur og ævintýri
- nýti sér margmiðlunarefni, bókmenntaefni á geisladiskum og vefsíðum, til að dýpka þekkingu sína

- lesi og ræði ítarlega um bækur sem fjalla um reynsluheim barna
- hraðlesi tvær til þrjár unglingsbækur, þýddar eða frumsamdar, og geri grein fyrir efni þeirra munnlega eða skriflega
- geti gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekið bókmenntaverk hefur á hann
- taki þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta
- átti sig á hugtökunum tími og umhverfi og aðal- og aukapersónur í umfjöllun um skáldsögur
- þekki hugtökin rím, stuðlar, braglína, persónugerving og líking og geti notað þau í umfjöllun um bókmenntir

### **Hlustun og áhorf**

- geti hlustað með eftirtekt á ljóð og laust mál
- geti fylgt þræði í sögu eða útvarpsleikriti sem hæfir aldri hans
- þjálfist í að hlusta á flókin fyrirmæli og fara eftir þeim
- geri sér grein fyrir meginatriðum í nákvæmum munnlegum upplýsingum
- þjálfist í að átta sig á samræðum um málefni daglegs lífs
- geti hlustað á frásögn og gert grein fyrir meginatriðum hennar
- þjálfist í að hlusta á upplestur ýmiss konar bókmenntaefnis
- geti skilið venjulegan fréttatexta í útvarpi og sjónvarpi
- geti nýtt sér fræðslu- eða skemmtiefni á myndbandi
- fái tækifæri til að hlusta á vandaðan upplestur, t.d. af myndbandi eða hljóðbandi
- geti hlustað á stutta sögu og endursagt hana á skipulegan hátt, munnlega eða skriflega
- tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er t.d. á upplestur eða frásagnir
- geti hlustað á umræður og gert sjálfum sér og öðrum grein fyrir innihaldi þeirra

### **Lestur**

- þjálfist í að lesa og túlka myndasögur
- geti lesið marvísleg fyrirmæli og farið eftir þeim
- afli sér heimilda á bókasafni eða á tölvutæku formi til frekari úrvinnslu
- þjálfist í notkun orðabóka, annarra handbóka og gagnasafna
- lesi a.m.k. tvær unglingsbækur að eigin vali og geri grein fyrir efni þeirra
- geti gert stuttan útdrátt úr efni sem hann hefur lesið
- geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi á bókasafni
- nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta
- taki þátt í umræðum um lesna texta
- geti skynjað boðskap texta
- þjálfist í að lesa texta með gagnrýnu hugarfari, m.a. að greina áróðursefni og frétttaflutning ólíkra fjölmiðla
- geti myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið

### **Málfræði**

- átti sig á hvernig orð skiptast í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
- geti greint sagnorð og helstu fallorð, þ.e. nafnorð, lýsingarorð og fornöfn, í flokka af nokkru öryggi
- geti fundið föll fallorða, tölu og kyn og hafi kynnst hugtökunum fallstjórn og sambeyging
- þjálfist í að fallbeygja mannanöfn og fræðist um íslenska nafnsiði
- þekki nútíð og þátíð sagnorða og átti sig á mun reglulegrar beygingar og óreglulegrar
- geti fundið nafnhátt sagna
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, spuna, orðaleikjum og nýyrðasmíð
- átti sig á hvaða orðmynd er uppflattimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka

- kannist við hugtökin forskeyti og viðskeyti og átti sig á hlutverki þeirra við orðmyndun
- geti fundið stofn orða og nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu og orðmyndun
- þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein og geti sett viðeigandi greinarmerki rétt við ritun eigin texta
- þekki mun einhljóða og tvíhljóða og átti sig á hvernig hann birtist, t.d. í mun á framburði og stafsetningu
- geti nýtt sér orðabækur, handbækur og málfræðiforrit og nýti sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna, t.d. um kyn orða og beygingu

### **Ritun**

- geti skrifað útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni
- þjálfist í að nota stafsetningarorðabók við ritun
- þjálfist í að nota ritunar- og leiðréttingarforrit
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta, bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum
- þjálfist í að nota tölvur við frágang ritunarverkefna
- þjálfist í réttri fingrasetningu með ýmsum ritunarverkefnum
- taki þátt í tölvusamskiptum, m.a. með tölvupósti til jafnaldra hér á landi og íslenskra jafnaldra sem eru búsettir erlendis
- þjálfist í að setja eigið efni upp á vefsíður
- þrói persónulega rithönd í ritunarverkefnum
- þjálfist í að beita mismunandi stíl í rituðu máli með tilliti til viðtakanda og efnis
- geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar
- fáist við ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta
- geti byggt upp texta á viðeigandi hátt
- geti skrifað sögur og ljóð og þjálfist í að nota myndmál, málshætti og orðtök þar sem við á
- geti lýst munnlega eða skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi
- geti skrifað skýr og greinileg fyrirmæli eða leiðbeiningar um algengar athafnir
- nái valdi á helstu atriðum stafsetningar
- taki við gagnrýni kennara, bekkjarfélaga og annarra á eigin texta og vinni úr henni
- nái nokkurri færni í greinarmerkjasetningu

### **Talað mál & framsögn**

- taki þátt í leikrænni tjáningu, t.d. spunaæfingum, leiklestri eða söngatriði
- þjálfist í að segja skopsögur og brandara fyrir framan bekkjarfélaga
- geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum
- geti flutt laust og bundið mál upphátt með viðeigandi áherslum og túlkun
- þjálfist í að svara í síma á viðeigandi hátt og lesa skilaboð inn á símsvara
- þjálfist í að syngja ýmsa algenga íslenska söngva og taki þátt í fjöldasöng, t.d. þekkt lög úr leikritum og söngleikjum og söngva tengda hátíðum
- tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða
- geti sagt skipulega frá eigin reynslu og upplifun, t.d. eftir leiksýningar, kvikmyndir eða lestur bóka
- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- þjálfist í að taka þátt í samræðum um tiltekin málefni líðandi stundar
- geti lýst munnlega ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi
- nái valdi á viðeigandi framsögn og framkomu sem stuðlar að sjálfsöryggi
- geti tjáð sig frjáltslega frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, t.d. við kynningu á hópverkefnum

- Vandamálið - minnsta málið.
- Skrift 7.
- Skinna.
- Mál er miðill.
- Frjálslestrarbækur
- Ýmis önnur verkefni
- 

#### Kennsluaðferðir

---

**Bein kennsla**  
**Fyrirlestrar**  
**Heildstæð verkefni**  
**Heimildarvinna**  
**Hlustunarefni**  
**Hópverkefni**  
**Kannanir**  
**Margmiðlun**  
**Ritun**  
**Samræðuaðferðir**  
**Spurnaraðferðir**  
**Umræður**  
**Utanbókarnám**

#### Námsmat

---

**Kannanir**  
**Mat á frammistöðu í tímum**  
**Stöðupróf**  
**Frammistöðumat**  
**Verkmöppumat**

**Heiti áætlunar:** Listir og tjáning

**Tímabil:** 31.08.2015-30.05.2016

**Hópur:** 7. bekkur

**Nafn:** Sara Dilljá Hjálmarsdóttir

**Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá**

#### Dans

**Skynjun/greining/mat**  
 - öðlast innsýn í íslenska danshefð

#### Leikræn tjáning

**Sköpun/túlkun/tjáning**  
 - geta tjáð skoðanir sínar á ákveðnu málefni  
 - geta flutt stutta ræðu úr pontu á áheyrligan hátt  
 - vera fær um að taka á skapandi hátt þátt í mótun á leikrænu ferli  
 - geta í hópi notað stutta leikspuna út frá námsefni  
 - geta túlkað athafnir með látbragði  
 - þekkja og geta notað allar helstu aðferðir leikrænnar tjáningar  
 - geta á einfaldan hátt skapað persónur og túlkað viðhorf þeirra til einhvers málefnis

#### Myndmennt

**Lögmál og aðferðir - Sköpun/túlkun/tjáning**  
 - geta unnið einfaldar skissur og hugmyndavinnu fyrir tví- og þrívíð verk, m.a. með hjálp tölvu  
 - geta nýtt sér í eigin sköpun grunnþætti myndlistar, s.s. grunnreglur formfræði, litafræði og myndbyggingar  
 - geta teiknað eða mótað raunsæismyndir eftir fyrirmyndum  
 - geta sýnt skipulögð vinnubrögð

#### Kennsluaðferðir

---

**Bein kennsla**  
**Dans**

#### Námsmat

---

**Verkmöppumat**  
**Frammistöðumat**

**Efniskönnun**  
**Fræðslumyndir**  
**Heildstæð verkefni**  
**Hlutverkaleikir**  
**Hreyfing**  
**Leikræn tjáning**  
**Sköpun**  
**Tónlist**

**Sjálfsmat**

**Annað**

Sjálfsmat 20%, verkmöppumat 50 % og frammistöðumat 30%.

Heiti áætlunar: Danska

Tímabil: 17.09.2015-17.10.2015

Hópur: 7. bekkur

Nafn: Helga Gunnarsdóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

## Danska

### Hlustun

- geti greint heiti og einstök orð, án þess að skilja nákvæmlega, þegar talað er á einföldu máli um viðfangsefnið
- geti skilið aðalatriði í einföldum samtölum tveggja í þar til gerðum hlustunaræfingum
- skilji nákvæmlega stuttar setningar, t.d. lýsingar
- geti skilið þegar við hann er talað á skýru og einföldu máli um efni sem tengist daglegu lífi hans
- geti skilið einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar, t.d. í tali kennara, sem varðar umgengni í skólastofu

### Lestur

- geti lesið stutta texta með algengum, gagnsæjum orðaforða um efni sem hann þekkir
- geti áttað sig á megininnihaldi í lengri texta sem skrifaður er á léttu máli og með orðaforða sem tengist efninu
- geti skilið til fullnustu stutta valda texta sem fjalla um efni sem hann þekkir
- geti lesið stuttan texta án þess að skilja hann til fullnustu í þeim tilgangi að finna í honum ákveðnar upplýsingar (leitarlestur)

### Ritun

- geti skrifað stök orð, t.d. orðalista, setningar og örstutta texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við
- geti skrifað stuttar kveðjur eða póstkort

### Talað mál - frásögn

- geti líkt eftir framburði á algengum orðum, orðasamböndum og stuttum setningum
- geti notað orð og orðasambönd, sem hann hefur lært, til að tjá sig um afmörkuð efni
- geti sagt í stuttu, einföldu máli frá efni sem fjallað hefur verið um

### Talað mál - samskipti

- geti unnið samtalsæfingar út frá fyrirmyndum sem fengist hefur verið við
- geti heilsað, kynnt sig og þakkað fyrir sig og afsakað sig með viðeigandi orðalagi
- geti notað grunnorðaforða úr þekktum efnisflokkum, sem fengist hefur verið við, á eigin forsendum í nýju samhengi
- geti myndað og svarað einföldum spurningum út frá orðaforða sem tengist viðfangsefninu
- geti myndað einfaldar setningar, t.d. tjáð skoðanir sínar og tilfinningar með einföldu orðalagi

### Námsgögn

- Start lesbók og vinnubók, Smart lesbók og vinnubók og valin verkefni úr Klar þarat..., verkefni á nams.is, valdar danskar myndir af kennara og dönsk tónlist.

### Kennsluáferðir

#### Bein kennsla

Innlöng kennara á viðfangsefni hvers tíma fyrir sig. Farið yfir orðin sem þarf að glósa, hvað þýða þau og hvernig eru þau boðið þeim fram. Kennarinn ber þá fram orðin og nemendur á eftir til þess að tryggja sem réttastan framburð.

### Námsmat

#### Mat á frammistöðu í tímum

Frammistaða og virkni í tímum gildir 20% af heildareinkunn hverrar annar.

#### Kannanir

Það verða 2 glósukannanir á hvorri önn. Þá er unnið með orð sem nemendur hafa verið að glósa í tímum. Hver könnun gildir 10%

Farið yfir orð og merkingu þeirra á íslensku til þess að nemendur öðlist grunn orðaforða í dönsku.

Viðfangsefni eru: líkaminn, tölurnar, föt, litir, dagarnir og fjölskyldan.

### **Hlustunarefni**

Til að æfa og þjálfra skilning á dönsku.

Viðfangsefni eru: líkaminn, tölurnar, föt, litir, dagarnir og fjölskyldan.

### **Hlutverkaleikir**

Til að æfa talað mál, framburð og skilning á dönsku talmáli.

Viðfangsefni eru: líkaminn, tölurnar, föt, litir, dagarnir og fjölskyldan.

### **Ritun**

Æfa réttritun á dönsku, þekkja réttan rithátt á algengum orðum sem unnið er með.

Viðfangsefni eru: líkaminn, tölurnar, föt, litir, dagarnir og fjölskyldan.

### **Tjáning**

Æfa framburð, talað mál og grunnorðaforða í dönsku.

Viðfangsefni eru: líkaminn, tölurnar, föt, litir, dagarnir og fjölskyldan.

### **Tónlist**

Kynna fyrir nemendum danska tónlist til þess að ýta undir frekari áhuga á tungumálinu og um leið að ýta undir skilning og orðaforða í dönsku.

### **Aðrar kennsluaðferðir**

Danskt sjónvarpsefni, þættir og kvikmynd, verður notað í kennslunni til þess að ýta undir áhuga á tungumálinu, skilning á töluðu máli og líka til þess að kynna menningu þjóðarinnar.

Unnið með orð af orði, orð dagsins, til að ýta undir skilning og orðaforða. Þá verður eitt orð tekið fyrir 1-2 sinnum og krufið til mergjar.

af lokaeinkunn.

### **Vinnubók**

Vinnubók og önnur verkefni sem ætalst er til að nemendur vinni á önninni eru metin til lokaeinkunnar.

Báðar annari gildir vinnubókin 30% af lokaeinkunn.

### **Skriflegt próf**

Í lok hvorrar annar eru skrifleg próf. Á hvorri önn gildir skriflega prófið 30% af lokareinkunn.

### **Annað**

Dönskutímar fara eins mikið og hægt er fram á dönsku og eru þá nemendur líka hvattir til

Þess að spreyta sig á tungumálinu í kennslustundum.



Heiti áætlunar: Íþróttir

Hópur: 7. bekkur

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Tímabil: 25.08.2015-27.05.2016

Nafn: Finnbogi Guðmundsson

## Skólaíþróttir

### Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- taki þátt í samstarfsverkefnum s.s. íþróttasýningum, íþróttamótum
- þjálfist í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félaga eða félögum stuðning
- taki þátt í leikjum sem efla og styrkja samvinnu og samskipti
- þjálfist í að skipuleggja og stunda íþróttir eftir eigin áhuga

### Líkamsþroski - fagurþroski

- taki þátt í ýmsum leikjum og íþróttum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum, ratleikjum, hóp- og einstaklingsíþróttum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, flóknum samspils- og hittnileikjum, hóp- og einstaklingsíþróttum
- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól, s.s. stöðugu hlaupi á rólegum hraða í a.m.k. 12 mínútur
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. ýmsum einstaklingsbundnum kraftæfingum
- tileinki sér rétta tækni við vöðvateygjur
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. þolpróf, fjölþrepapróf, 12 mín. hlaup, kraftpróf, uppstökk án atrennu, liðleikapróf, teygt fram á kassa, hraðapróf, 60 m hlaup, boltakast, kastað með 80 g bolta
- þjálfist í æfingum sem efla viðbragð, s.s. eltingaleikjum af ýmsum toga, ýmsum viðbragðsleikjum

### Skynþroski - hreyfiþroski

- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og löngum kollhnís, forhoppi og handahlaupi, hálfum snúningi, handstöðuveltu í réttstöðu, innanverðu uppstökki á kistu (langsum), teygjuhoppi og lendingu til hliðar við kistu, kollhnís áfram í réttstöðu, undirsveiflu á rá í terru, veltu áfram í réttstöðu, utanverðu stökki yfir kubb
- taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s. eltingaleikjum, kast-, grip- og hittnileikjum, samspilsleikjum með bolta
- hafi lagt grunn að vali á íþróttagrein til seinni tíma ástundunar
- þjálfist í undirstöðuatriðum nýrra eða áður lærðra hóp- og einstaklingsíþróttanna sem stundaðar eru hér á landi

### Vitsmunþroski

- taki þátt í umræðu um áhrif þjálfunar á líkama og heilsu
- þekki tengsl næringar- og orkuþarfar við líkams- og heilsurækt
- átti sig á mikilvægi hvíldar fyrir líkama og sál
- nái enn frekari tókum á undirstöðuatriðum íslenskrar glímu og þekki helstu glímubrögð
- taki þátt í ratleik og læri að lesa á kort

## Námsgögn

- Ýmis íþróttááhöld

### Kennsluáferðir

#### Hreyfing

Nemendur hreyfa sig í tímanum

#### Sýnikennsla

Kennari sýnir og nemendur gera eins og kennarinn.

#### Verklegar æfingar

### Námsmat

#### Frammistöðumat

Frammistöðumat verður 60 % af heildareinkunn og mun skiptast í þolpróf 40 % hreystipróf 60 %

#### Mat á frammistöðu í tímum

Nemendur fá fyrirmæli um hvað á að gera og framkvæma síðan æfinguna.

Metið verður eftir hegðun, áhuga og virkni í tímum og gildir það 40 % af heildareinkunn.

**Heiti áætlunar:** Samfélagsfræði

**Hópur:** 7. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámsskrá

**Tímabil:** 17.09.2015-17.10.2015

**Nafn:** Guðrún Elsa Helgadóttir

## **Landfræði**

### **Kort og myndir**

- hafa þjálfast í að túlka stöðluð tákni á hefðbundnu staðfræðikorti, s.s. hæðarlínur og landslagsskyggingu
- átta sig á hvernig kort eru búin til á grunni upplýsinga af loftmyndum
- þekkja hnattlíkan, bauganet og tímabelti jarðar
- geta notað kortabækur, kort og hnattlíkön til upplýsingaöflunar og hafa skilning á helstu litum, táknum og hugtökum þar að lútandi
- kunna skil á loftmyndum og hefðbundnum staðfræðikortum
- kynnst einföldum þemakortum og hvernig setja má upplýsingar fram um fjölda eða stærð, t.d. með einu tákni af mismunandi stærð eða að lita afmörkuð svæði með einum lit en misdökkum
- kunna að lesa og túlka kort, loftmyndir og önnur landfræðileg gögn, hvort sem er í bókum eða tölvum
- þjálfast í lestri og framsetningu á einföldum töflum og geta sett upplýsingar, sem hann hefur aflað sjálfur, fram á myndrænan hátt
- þekkja helstu tákni sem notuð eru í veðurlýsingu
- þekkja höfuðáttirnar fjórar, tvo undirflokka þeirra og hvernig þær tengjast skiptingu hrings

### **Svæði**

- þekkja valda landfræðilega þætti Íslands, Norðurlanda og Evrópu og hafa aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landsvæði eftir mismunandi leiðum
- kunna skil á hugtökum eins og ríki, land, þjóð og landamæri
- gera sér grein fyrir mismunandi einkennum svæða og samskiptum þeirra á milli eftir því sem við á
- þekkja þróun búsetu í eigin heimabyggð og mismunandi notkun lands og bygginga og geta borið saman við það sem gerist annars staðar
- þekkja örnefni stjórnsýslueininga í heimabyggðinni (s.s. borgar, sýslu, hrepps og bæjar)
- þjálfast í að sækja landfræðilegar upplýsingar í gagnasöfn
- átta sig á því að loftslags- og gróðurbelti jarðar segja til um það hvar fólk býr, á hverju það lifir og hvernig það klæðir sig
- þekkja til helstu náttúruauðlinda, atvinnuvega, búsetumynsturs, samgöngutækja og lífnaðarháttanna fyrr og nú
- þekkja hvernig náttúran skapar síbreytilegar aðstæður
- þekkja helstu gerðir orkulinda sem nýttar eru í Evrópu, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast
- átta sig á hvernig menn móta umhverfi sitt, mikilvægi náttúruverndar og nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála
- geta útskýrt ýmis tilefni þess að fólk ferðast og flytur milli staða

## **Námsgögn**

- Evrópa

### **Kennsluáferðir**

#### **Bein kennsla**

Bein kennsla er notuð í upphafi hvers kafla þegar verið er að fjalla um nýtt

### **Námsmat**

#### **Skriflegt próf**

Vetrarönn taka nemendur skriflegt próf sem gildir 40 % af lokaekinn.

efni áður en umræður og verkefnavinna hefst. Það á að auðvelda nemendum að skilja efnið.

### **Heimildarvinna**

Nemendur vinna heimildarvinnu um eitt ákveðið land einu sinni á önninni. Það er til þess að dýpka þekkingu þeirra á viðkomandi landi, menningu og þjóð.

### **Umræður**

Efnið er rætt samhliða lestri og vinnu til þess að auka skilning og þekkingu á efninu.

### **Aðrar kennsluáferðir**

K-V-L áferðin í Orð af orði notuð.

Þar sem nemendur segja frá því sem þeir kunna um efnið, hvað þeir vilja læra eða vita um efnið og í endan segja þeir hvað þeir hafa lært um efnið.

Hugtakakort eru notuð til að glósa efni bókarinnar.

### **Vinnubók**

Vinnubókin gildir alltaf 20 % af lokaekunn á hvorrar önn.

### **Kannanir**

Tvær kannanir úr lesefninu eru á hvorri önn og gildir hvor um sig 10 % af lokaekunn.

### **Mat á frammistöðu í tímum**

Virkni og þátttaka í tímum er metið til einkunnar og gildir 20 % á hvorri önn.

### **Heimapróf**

Vorönn taka nemendur heimapróf sem gildir 40% af lokaekunn.

**Heiti áætlunar:** Smíðar  
**Hópur:** 7. bekkur

**Tímabil:** 19.08.2015-24.05.2016  
**Nafn:** Þorgerður Þóra Hlynsdóttir

---

**Kennsluáðferðir**

**Heildstæð verkefni**  
**Hugmyndavinna**  
**Sköpun**  
**Aðrar kennsluáðferðir**

---

**Námsmat**

**Frammistöðumat**  
**Sjálfstæð verkefni**  
**Sýning**

**Heiti áætlunar:** Stærðfræði 7

**Hópur:** 7. bekkur

**Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá**

**Tímabil:** 24.08.2015-31.05.2016

**Nafn:** Dagný Rósa Úlfarsdóttir

---

**Stærðfræði**

**Aðferðir - Lausnir verkefna og þrauta**

- hafa samið eigin þrautir
- beita skipulegum aðferðum við lausnir verkefna og þrauta
- kunna að nota ýmsar aðferðir sem geta hjálpað þegar hann rekur í vörðurnar, t.d. reyna við skylt verkefni sem er einfaldara, athuga sértilvik af verkefninu til að koma auga á mynstur eða reglu, setja dæmið á svið eða teikna myndir
- hafa glímt í samstarfi við aðra við erfið stærðfræðiverkefni og lært að meta kosti samvinnu
- átta sig á mikilvægi þess að kynna sér og skilja verkefnið til hlítar og hafa tamið sér að leita að spurningum og tilgátum sem skýra verkefnið
- hafa öðlast færni til að takast á við stærðfræðileg verkefni og þrautir

**Aðferðir - Röksamhengi og röksemdafærslur**

- geta fylgt einföldum röksemdafærslum eins og þær gerast í námsefni 7. bekkjar grunnskóla
- geta rökstutt niðurstöður sínar og skýrt lausnarleiðir
- sjá röksamhengið í einföldum reikningsaðferðum
- geta sett upp og fylgt einföldum reikniritum af nákvæmni og haldið rökréttu samhengi þannig að aðrir eigi auðvelt með að glöggva sig á því
- geta dæmt að nokkru marki um réttmæti röksemdafærslna, t.d. uppgötvað grófar rökvillur

**Aðferðir - Stærðfræði og tungumál**

- geta lesið og skrifað tölur, töluleg gögn og stærðfræðilegan texta
- hafa tamið sér að teikna skýringarmyndir og skipulegan texta (minnisþunkta) til að gera stærðfræðileg hugtök skiljanlegri bæði sjálfum sér og öðrum
- geta lesið og ritað almenn brot og notað tugabrotaríthátt
- þekkja rómversk talnatákn
- skilja og fara rétt með algeng stærðfræðiheiti og tákn, s.s. fyrir röðun, reikniáðgerðir og ferningsrót
- kunna að nota sviga í stærðfræðilegum texta og þekkja forgangsörð reikniáðgerða
- skilja og geta notað stærðfræðileg hugtök sem eru algeng í tengslum við framsetningu tölulegra gagna í almennum texta, s.s. "hækkun", "hlutfallsleg lækkun", "prósentuhækkun" og "-lækkun", "frávik" o.fl.

- geta lesið töflur og einföld línu- og súlurit um töluleg gögn, flokkað sjálfur einföld töluleg gögn, sett niðurstöður upp í töflur og sýnt þær á línu- eða súluriti, t.d. með því að nota töflureikni eða önnur forrit

- átta sig á þörfinni á sérstakri nákvæmni í stærðfræðilegum texta hvað varðar orðanotkun og meðferð stærðfræðilegra hugtaka og tákna

- geta lesið með skilningi allan stærðfræðitexta í námsefninu

- geta rætt við kennara, heimilisfólk og aðra nemendur um stærðfræðileg efni í því skyni að öðlast betri skilning, til dæmis með því að spyrja spurninga

- nýta sér stærðfræðileg hugtök og aðferðir við lausn verkefna í samvinnu við skólasystkin sín

- geta útskýrt munnlega niðurstöður sínar og aðferðir þannig að þær verði skiljanlegar öðrum, til dæmis með því að sýna með samblandi af töluðu máli, skýringarmyndum og táknum hvernig tiltekið verkefni er leyst

- geta lesið og skrifað heilar tölur, jákvæðar og neikvæðar

- geta gert skriflega grein fyrir niðurstöðum sínum í samfelldu máli sem er sambærilegt við almennan málþroska og ritfærni 12 ára barna

### **Aðferðir - Tengsl við daglegt líf og önnur svið**

- geta beitt stærðfræði við kortalestur, úrvinnslu á áætlana- og stundatöflum og veðurlýsingum, mat á ferðakostnaði, umræðu um umhverfismál og ámóta verkefni er varða samskipti einstaklings við samfélagið

- geta fært viðfangsefni úr daglegu lífi í stærðfræðilegan búning sem má nota til að leysa það og geta túlkað lausnina í samhengi við upphaflega viðfangsefnið

- þekkja margvíslega notkun stærðfræði í nútímapjódfélagi, svo sem við hönnun mannvirkja og tækja, tryggingar, gagnavinnslu, mannfjöldaspár o.s.frv.

- geta leyst verkefni sem snerta fjármál heimila og stálpaðra barna og notað til þess grundvallaratriði einfalds bókhalds, t.d. með hjálp töflureiknis

- skilja uppbyggingu metrakerfisins og tengsl þess við sætisrið, þekkja nokkrar algengustu einingar metrakerfisins (km, m, dm, cm, mm, l, dl, ml, kg, g, mg) í samhengi við eðlilega notkun í daglegu lífi og geta breytt á milli þeirra af öryggi

- geta beitt stærðfræði á sviði heimilisfræði og handmennta af öryggi og hafa fengist við margháttuð verkefni um notkun stærðfræði á þessum sviðum

- geta breytt á milli eininga og notað óstaðlaðar mælieiningar ef við á

- skilja hvernig stærðfræði er undirstaða mælinga í tíma og rúmi

- skilja tímamun milli ólíkra heimshluta og hafa fengist við verkefni sem fela í sér útreikninga á tímamun milli landa innan mismunandi tímabelta

- geta notað aðrar mælieiningar og átta sig á að notkun eininga getur verið breytileg milli landa

- hafa kynnt sér sambættingu stærðfræði og skreytilistar í einhverri mynd

- geta reiknað milli sekúndna, mínútna, klukkustunda og daga af öryggi

- gera sér grein fyrir hvernig beita má stærðfræðilegum aðferðum í daglegu lífi og vera vanur að nota stærðfræði á öðrum sviðum

- kunna að gera sér stærðfræðileg hugtök skiljanlegri með því að setja þau í samband við hversdagslega hluti

### **Inntak - Hlutföll og prósentur**

- vita hvað þýðir að fá vexti af upphæð

- kannast við hlutföll milli stærða og geta notað þau við útreikninga í einföldum hagnýtum dæmum

- þekkja tengsl prósentu við almenn brot og tugabrot og geta breytt þar á milli

- geta skýrt hlutföll með myndum, myndritum, töflum eða með áþreifanlegum hlutum

- geta fundið tiltekinn hluta af heild og fundið heild þegar tiltekinn hluti er þekktur

- geta skipt stærðum, fyrst áþreifanlegum hlutum en síðan tölum, í einföldum hlutföllum, t.d. 1:2 eða 2:3
- skilja hvað átt er við með mælikvarða og geta lesið vegalengdir af landakortum og vinnuteikningum í algengum mælikvörðum, t.d. 1:100 og 1:100.000
- geta leyst ýmis verkefni varðandi hlutföll, s.s. að stækka og smækka myndir eða mataruppskriftir, og gert einfaldar vinnuteikningar í algengum mælikvarða
- skilja gildi hlutfallareiknings til að bera saman sambærilegar stærðir, t.d. við innkaup eða í verðkönnun
- geta reiknað á milli eininga, t.d. mynteininga, og hafa reynslu af að reikna milli algengra erlendra gjaldmiðla og íslenskrar krónu
- kannast við prósentuhugtakið
- skilja hvað orðið prósentu þýðir
- geta reiknað heiltöluprósentur af heild
- geta reiknað í huganum 1%, 5%, 10%, 25% og 50% af heilum hundruðum og þúsundum
- skilja prósentuhækkun og -lækkun og geta t.d. reiknað slík dæmi varðandi laun og verð, s.s. afslátt af vöruverði

### **Inntak - Mynstur og algebra**

- geta leyst mjög einfalda jöfnu með einni óþekktri stærð
- geta notað þessar reglur við talnareikninga, t.d. í hugareikningi
- gera sér meðvitaða grein fyrir því hvað er formlega líkt með ólíkum hugtökum, til dæmis samlagningu og margföldun, og þekkja víxlreglur, tengireglur og dreifireglu fyrir samlagningu og margföldun
- gera sér grein fyrir helstu undirstöðureglum algebrunnar
- ráða við margvísleg "orðadæmi", þ.e. geta þýtt upplýsingar yfir á stærðfræðilegt mál
- geta unnið með mynstur í því skyni að segja fyrir um framhald þess og finna almenna reglu
- skilja hvað það þýðir að leysa jöfnu og fara rétt með jafnaðarmerki
- átta sig á einfaldri notkun bókstafa í stærðfræði
- geta notað rúmfræðileg mynstur, t.d. reglur um ummál, flatarmál eða rúmmál einfaldra hluta, og áttað sig á hvernig þessar stærðir breytast við breytingu á grunnstærðum
- geta dregið saman talnastæður sem fylgja ákveðnu mynstri í almenna reglu þar sem breytur eru táknáðar með bókstöfum eða öðrum táknum
- skilja hvernig má nota bókstafi sem staðgengla fyrir tölur

### **Inntak - Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat**

- sýna leikni í hugarreikningi með heila tugi, hundruð og þúsund
- kunna nokkur skil á reikniaðgerðum með ræðum tölum, þ.e. skilja að þegar leggja á saman almenn brot þarf að gera þau samnefnd, geta margfaldað almennt brot með heilli tölu og skilja deilingu almenns brots með heilli tölu
- geta reiknað í huganum samlagningar- og frádráttardæmi með tveimur tveggja stafa tölum
- kunna að nota slíkan námundunar- og hugarreikning til að meta trúverðugleika útkomu úr reikningsdæmi sem fengin er með öðrum hætti
- vera fær um að velja reikniaðgerðir og mismunandi leiðir til að reikna
- geta metið með hve mikilli nákvæmni er skynsamlegt að reikna útkomu úr reikningsdæmi miðað við nákvæmni í tölunum sem reiknað er með, t.d. við mælingu flatarmáls
- geta valið á milli reikniaðgerða við einföld verkefni í kunnuglegu samhengi
- kunna að nota dreifireglu og fleiri reglur til að reikna í huganum margfeldi tveggja stafa tölu og eins stafs tölu

- gera sér grein fyrir hvenær borgar sig að reikna í huganum eða á blaði og hvenær betra er að grípa til reiknivélarinnar
- gera sér grein fyrir hvenær borgar sig að finna nákvæma útkomu og hvenær nægir að finna námundunarútkomu
- hafa náð góðri færni í einföldum reikningi
- geta notað reiknivélar til að leggja saman, draga frá, margfalda, deila og finna ferningsrót
- sýna fullt vald á margföldunartöflunni upp í 10x10
- geta lagt saman, dregið frá, margfaldað og deilt með náttúrlegum tölum af öryggi án aðstoðar reiknitækis og með tugabrotum þegar tölurnar eru einfaldar og koma upp í eðlilegu samhengi
- geta túlkað margföldun sem endurtekna samlagningu, veldi sem endurtekna margföldun og deilingu bæði sem endurtekinn frádrátt og skiptingu
- þekkja töluna núll sem hlutleysu í samlagningu og sérstöðu hennar í margföldun og deilingu og þekkja töluna einn sem hlutleysu í margföldun
- kunna að prófa frádrátt með samlagningu, samlagningu með frádrætti, deilingu með margföldun og margföldun með deilingu
- hafa kynnst töflureiknum
- vera leikinn í hugarreikningi og námundunarreikningi
- geta notfært sér námundun til að breyta reikningsdæmi í hliðstætt dæmi með ámóta tölum sem nemandinn getur síðan reiknað í huganum

### **Inntak - Rúmfræði**

- kunna skil á hugtökum og aðferðum varðandi mælingu flatarmynda og þríviðra hluta
- geta teiknað flatarmyndir með gefnum stærðum, t.d. þríhyrning með gefnum tveimur hornum og einni hlið og þríhyrning með tveimur hliðum og horninu á milli þeirra og átta sig á því að allir þríhyrningar með þessum tilteknu eiginleikum eru eins
- þekkja ýmsar gerðir flatarmynda, s.s. þríhyrning, þ.m.t. rétthyrndan, jafnhliða og jafnarma þríhyrning, ferhyrning, ferning og rétthyrning, trapisu, tígul, hring og hugtök honum tengd, s.s. geisla, þvermál og ummál
- þekkja stækkanir og smækkanir og hlutfallsmælikvarða, t.d. á landabréfum
- þekkja almenn hugtök úr rúmfræði, s.s. punkt, línu, línustrik, horn, samsíða og hornréttar línur, grannhorn og topphorn
- þekkja rétthyrnt hnitakerfi í sléttum fleti og hnit punkta
- kunna að nota metrakerfið við mælingar á flatarmyndum
- þekkja hornamál og geta mælt horn í gráðum
- geta fundið flatarmál, þ.e. mælt flatarmál með rúðuneti, hafa tileinkað sér reglur um flatarmál rétthyrnings, þríhyrnings og hrings og geta beitt þeim
- geta fundið rúmmál, þ.e. mælt rúmmál með samanburði við einingarteninga, hafa tileinkað sér reglu um rúmmál réttstrendings og geta beitt henni
- þekkja samsvörun rúmmáls og mælieininga fyrir vökva og vita t.d. að 1 lítri samsvarar 1 dm<sup>3</sup> og 1 ml samsvarar 1 cm<sup>3</sup>
- átta sig á yfirborðsmáli og geta fundið yfirborðsmál réttstrendings í eðlilegu samhengi, t.d. hve mikið efni þarf til að fódra kassa
- þekkja undirstöðuhugtök hnitarrúmfræði og geta notað þau
- þekkja talnalínuna og fjarlægð milli punkta á henni
- kunna að nota regluna um hornasummu í þríhyrningi, skýra hana og beita henni, t.d. í verkefnum um að þekja flöt með þríhyrningum
- átta sig á að öllum marghyrningum má skipta í þríhyrninga og að oft má álykta um eiginleika annarra marghyrninga út frá eiginleikum þríhyrninga, s.s. um hornasummu og flatarmál



- kunna skil á algengustu hugtökum sígildrar rúmfræði
- þekkja flutninga, svo sem hliðranir, speglanir og snúninga um helming og fjórðung úr hring, átta sig á hvernig þær gefa lýsingu á rúmfræðilegum samhverfum og endurtekningu í mynstrum og geta notað samhverfueiginleika til að leysa rúmfræðileg verkefni
- þekkja nokkur einföld hugtök úr þrívíðri rúmfræði, s.s. tening, réttstrending, kúlu, sívalning, keilu og strýtu (píramída)
- þekkja lengdar- og breiddargráður sem hnit til að lýsa staðsetningu á jörðinni
- skilja hvernig mæla má lengdir með tölum ef lengdareining er gefin og gera sér grein fyrir útreikningum á ýmsum lengdum sem tengjast flatarmyndum og þrívíðum hlutum, t.d. ummáli marghyrninga

### **Inntak - Tölfræði og líkindafræði**

- geta notað tíðnitöflur, súlurit og línurit sem aðferðir til að setja fram töluleg gögn
- hafa safnað gögnum, valið heppilegt form til að flokka þau, s.s. töflur, töflureikni eða gagnagrunn, og valið framsetningu við hæfi eftir eðli og umfangi gagnanna
- geta dregið ályktanir af tölulegum gögnum og hafa kynnst því hvað varast þarf þegar slíkar ályktanir eru dregnar
- þekkja ýmsar aðferðir til að vinna úr tölulegum gögnum og setja þau fram
- þekkja og skilja nokkur einföld hugtök sem notuð eru til að lýsa gagnasöfnum, s.s. tíðni, meðaltal og miðgildi og geta fundið þessar stærðir fyrir gefin gagnasöfn
- skilja að töluleg gögn eru stundum notuð til að gefa rangar og misvísandi upplýsingar
- geta reiknað út líkur í einföldum tilvikum þar sem einungis endanlega margar útkomur koma til greina
- geta notað mynt og ýmsa reglulega margflötunga sem verpla og tengt fjölda flata hvers verpils við líkur á einstökum viðburði
- átta sig á greinarmun á fræðilegum líkum og líkum sem leiddar eru af tilraunum

### **Inntak - Tölur**

- geta raðað ræðum tölum, þ.e. geta raðað náttúrlegum tölum og tugabrotum af öryggi, kunna að raða almennum brotum og geta borið saman almenn brot og tugabrot
- kunna góð skil á náttúrlegum og ræðum tölum og þekkja heilar tölur
- geta breytt endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot með gefinni nákvæmni (fjölda aukastafa)
- vita hvenær tvö almenn brot eru jöfn, geta stýtt og lengt almenn brot og fundið samnefnara brota
- þekkja jákvæðar og neikvæðar tölur í eðlilegu samhengi, t.d. á hitamæli og í notkun reiknivéla og þekkja röðun heilu talnanna
- skilja hvað það þýðir að ein tala gangi upp í annarri
- átta sig á reglum um deilanleika talna með 2, 5, 9 og 10 og skilja af hverju þær gilda
- skilja hvað frumtala (prímtala) er og vita hvernig finna má lægstu frumtölurnar
- þekkja deilingu með afgangi
- þekkja minnsta samfeldi sem minnsta samnefnara tveggja talna
- þekkja tengslin milli náttúrlegra talna og talningar og kunna ýmsar talningaraðferðir, svo sem að skipta því sem telja skal niður í minni hópa og telja innan hvers hóps
- hafa notað reiknivélar og tölvuforrit til að skoða eiginleika talnanna, s.s. deilanleika
- kannast við stærsta samdeili sem stærstu styttingartölu tveggja talna
- hafa þekkingu á sætistalnakerfi, einkum á tugakerfinu

### **Námsgögn**

- 
- Geisli 3A og 3B grunnbók og vinnubók
  - Þemahefti tengd Geisla
  - Stika 3A og 3B

- Efni af Skólavef
- Þjálfunarforrit á Skólavef og Námsgagnastofnun
- Ýmis verkefni frá kennara
- Upprifjunarefni fyrir samræmt könnunarpróf (mest af Skólavefnum)

#### Kennsluáðferðir

---

#### **Bein kennsla**

Verður notuð þegar leggja þarf inn nýja námsþætti, skerpa á efni sem tekið hefur verið fyrir eða leysa sameiginleg viðfangsefni. Minnst af kennslunni verður þó bein kennsla frá töflu.

#### **Hópverkefni**

Töluvert verður um hóp/paraverkefni í stærðfræði og stefnt er að því að 2 kest. á viku verði þannig skipulagðar, út frá námsþáttum hvernar annar. Þessi verkefni gilda til námsmats hverju sinni.

#### **Rökþrautir**

Töluvert verður unnið með rökþrautir, bæði sem einstaklingsverkefni og eins sem hóp/paraverkefni. Nemendur læri að búa til þrautir.

#### **Samvinnunám**

Töluvert áhersla er lögð á samvinnunám, að nemendur hjálpist að og ýti undir námsfærni hvers annars. Farið verður yfir grunnreglur samvinnunáms.

#### **Sýnikennsla**

Er notuð þegar verið er að leggja in ný atriði, æfa t.d. mælingar, tölvuvinnu og fleira slíkt.

#### **Umræður**

Nemendur eru þjálfaðir í umræðum um stærðfræðileg málefni

#### **Upplýsingartækni**

Töluvert áhersla er lögð á að nemendur geti nýtt sér upplýsingatækni við úrlausn stærðfræðilegra viðfangsefna.

#### **Utanbókarnám**

Ætlast er til að nemendur læri utanbókar einfaldar formúlur í stærðfræði, sem og margföldunartöfluna.

#### **Verklegar æfingar**

Eru notaðar þegar verið er að vinna með hlutbundna stærðfræði, eins og t.d. í mælingum.

#### Námsmat

---

#### **Kannanir**

Vægi 60-70 % á hverri önn

#### **Mat á frammistöðu í tímum**

Vægi 10-20 % á hverri önn

#### **Sjálfstæð verkefni**

Vægi 5-20% á hverri önn, fer eftir fjölda verkefna sem unnin verða

**Viðfangsefni tengd daglegu lífi**

Mikil áhersla er á að tengja stærðfræðina við daglegt líf og að nemendur sjái stærðfræðina utan skólans. Viðfangsefnin geta verið t.d. bankar, unglingavinnan, búðarferðin og svo framvegis.

**Þjálfunarforrit**

Verða notuð til að þjálfa upp atriði sem unnið er með. Mikið er til af forritum en mest verður stuðst við [www.nams.is](http://www.nams.is), [www.skolavefurinn.is](http://www.skolavefurinn.is) og norsku Sprota/Stiku-síðuna.

**Þrautalausnir**

Nemendur verða þjálfaðir í að leysa ýmsar stærðfræðiþrautir, ásamt því að búa til sínar þrautir.

Unnið verður með Geisla 3A og 3B, grunnbók og vinnubók ásamt Stiku og öðru efni frá kennara sem henta hverju sinni. Námsefninu er skipt niður í afmarkaða þætti. Töluvert verður unnið í tölvum, sem og hópa/paravinnu.

Nemendur læra að setja sér vikuáætlun og vinna hana í tímum og heima ef ekki næst að klára í skóla.

Fyrsti mánuðurinn fer í upprifjun námsefnis úr 4., 5. og 6. bekk, stuðst er m.a. við efni af Skólavef og vef Námsgagnastofnunar.

Einnig verður unnið á haustönn með tölur og talnaskilning, almenn brot, tugabrot og prósentur, tölfræði og líkur.

Á vorönn verður fjallað um algebru og stærðfræði í daglegu lífi, mælingar og rúmfræði.

Unnið verður með Orð af orði í stærðfræði til að efla hugtakaskilning og hugtakanotkun nemenda, ásamt því að gera nemendur færari í að vinna með orðadæmi og myndir í stærðfræði.

Stefnt er að því að gera mikið af stærðfræðinni verklega og verða unnin ýmis einstaklings, hópa og paraverkefni, jafnvel með öðrum nemendum á miðstigi,

**Heiti áætlunar:** Sund

**Tímabil:** 25.08.2015-27.05.2016

**Hópur:** 7. bekkur

**Nafn:** Finnbogi Guðmundsson

**Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá**

### **Skólasund**

#### **Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski**

- taki þátt í ýmsum samvinnuverkefnum á sviði sundíþróttu og leikja, s.s. boltaleikjum, boðsundsleikjum, sundknattleikjum
- fái hvatningu til að ná tókum á krefjandi viðfangsefnum

#### **Líkamsþroski - fagurþroski**

- taki þátt í æfingum og leikjum sem efla líkamsþol, s.s. að
- þjálfist í að synda ákveðnar vegalengdir innan ákveðinna tímamarka
- 50 m bringusund þar sem tímalágmark er 74 sek.
- 25 m skriðsund þar sem tímalágmark er 32 sek.
- þjálfist í 15 m björgunarsundi með jafningja, beita skal skólabaksundsfótatökum
- 300 m bringusund þar sem markmiðið er að geta synt vegalengdina innan 10 mínútna

#### **Skynþroski - hreyfiþroski**

- nái tókum á fjölbreyttum hreyfingum í vatni
- nái tókum á nákvæmri útfærslu hreyfinga og öndunar í 25 m bringusundi, 25 m skólabaksundi, 25 m baksundi, 8 m kafsundi
- ljúki námsmati í sundi fyrir 7. bekk og geti talist syndur, sjá nánar áfangamarkmið fyrir 7. bekk
- tileinki sér helstu atriði sem snúa að björgun úr vatni
- nái góðum tókum á stungu af bakka (til að geta uppfyllt þau atriði sem snúa að stungu af bakka þarf laug að vera nógu djúp að mati kennara; undanþágu má veita frá þessu atriði við mat á prófi í 7. bekk)

#### **Vitsmunþroski**

- taki þátt í umræðu um mikilvægi sunds sem líkams- og heilsuræktar
- tileinki sér helstu atriði björgunar úr vatni, s.s. ýmis öryggisatriði, leysitök í vatni, notkun björgunarhrings, notkun krókstjaka
- öðlist skilning á hættum sem leynast í og við vatn og sundlaugar

## Kennsluaðferðir

---

### Sýnikennsla

Kennari sýnir og nemendur gera eins og kennarinn.

### Verklegar æfingar

Nemendur fá fyrirmæli um hvað á að gera og framkvæma síðan æfinguna.

## Námsmat

---

### Frammistöðumat

Nemendur taka sundpróf og í námsáætlunni stendur hvað nemendur þurfa að gera.

Heiti áætlunar: Textílmennt 7.bekkur

Tímabil: 24.08.2015-31.05.2016

Hópur: 7. bekkur

Nafn: Sonja Dröfn Helgadóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Textílmennt

### Fagurfræði og rýni - Skynjun/greining/mat

- geta rökstutt fagurfræðileg sjónarmið í eigin verkum
- geta fjallað um fagurfræðilegt og hagnýtt gildi handverks, bæði í eigin verkum og annarra
- gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni

### Fagurfræði og rýni - Sköpun/túlkun/tjáning

- nýta sér fagurfræði á meðvitaðan hátt við textílvinnu sína

### Lögmál og aðferðir - Skynjun/greining/mat

- geta endurmetið hugmynd og/eða verk á öllum stigum vinnuferlisins
- þekkja helstu eiginleika náttúruafna og nokkurra gerviefna
- nota hugtök og heiti sem unnið hefur verið með
- hafa öðlast þekkingu á vefjarefnafræði
- kunna skil á framleiðsluferli helstu textílefna (ofín, prjónuð o.þ.h.)

### Lögmál og aðferðir - Sköpun/túlkun/tjáning

- geta gert skissur af einföldum hlut
- þekkja og geta beitt helstu áhöldum og vélum greinarinnar
- hafa kynnst notkun tölvu í tengslum við textílvinnu
- geta unnið eftir skriflegum leiðbeiningum og notað handbækur
- geta nýtt sér aðferðir og vinnulag textíla

### Sögulegt og félagslegt samhengi - Skynjun/greining/mat

- geta sýnt fram á þekkingu á sérkennum og tengslum íslenskrar textíliðju heimilisiðnaðar og handverks
- geta tengt valin textílverk því menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð í
- geta leitað sér upplýsinga um textíla og textílvinnu
- geta fjallað um neyslustýringu
- gera sér grein fyrir hvaða áhrif ofnotkun efna getur haft á lífríki jarðar

## Námsgögn

- Ýmis textílgögn

## Kennsluaðferðir

---

### Bein kennsla

Kennari leiðbeinir nemendum, einum í einu við verkefnavinnuna.

### Verklegar æfingar

Nemendur vinna að þeim verkefnum sem kennari leggur fyrir.

## Námsmat

---

### Mat á frammistöðu í tímum

Kennari metur vinnubrögð, áhuga, vinnusemi og frágang.

Annað

6. og 7. bekkur fá þrjónaverkefni sem skylduverk, þrjóna útþrjón, happagat, taka úr og fella af.

Aukaverkefni eru valverkefni sem þau velja sjálf.

**Heiti áætlunar:** Trúarbragðafræði

**Hópur:** 7. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

**Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði**

**Tímabil:** 24.08.2015-31.05.2016

**Nafn:** Helga Gunnarsdóttir

- 
- þekkja algengustu tákni kristinnar og merkingu þeirra
- hafa tamið sér virðingu fyrir ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum
- þekkja nokkur meginatriði kristni og helstu biblíutexta sem kristin trú og játning byggist á og geta dregið lærdóm af þeim
- hafa þjálfast í að ræða siðferðileg gildi og álitamál sem lúta að réttlæti, mannréttindum og jafnrétti
- hafa þekkingu á uppruna, sögu og útbreiðslu annarra helstu trúarbragða heims, svo sem gyðingdóms, íslams, hindúasiðar og búddadóms
- hafa öðlast góða innsýn í kristilegt siðgæði og tileinkað sér samskiptareglur sem byggjast á kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi
- þekkja valda þætti nokkurra helstu trúarbragða heimsins, einkum guðshús, helgistaði, helgirit, tákni, hátíðir og siði
- hafa fengist við siðræn viðfangsefni sem tengjast samskiptum, sáttfýsi og fyrirgefningu
- hafa fengið þjálfun í að nýta sér upplýsingatækni til að leita svara við spurningum um trúarleg og siðferðisleg efni

#### Námsgögn

- Gyðingdómur - Sáttmáli þjóðar og Ljós heimsins

#### Kennsluaðferðir

##### Bein kennsla

Bein kennsla er notuð í upphafi hvers kafla þegar verið er að fjalla um nýtt efni áður en umræður og verkefnavinna hefst. Það á að auðvelda nemendum að skilja efnið.

##### Umræður

Efnið er rætt samhliða lestri og vinnu til þess að auka skilning og þekkingu á efninu.

##### Aðrar kennsluaðferðir

K-V-L aðferðin í Orð af orði notuð. Þar sem nemendur segja frá því sem þeir kunna um efnið, hvað þeir vilja læra eða vita um efnið og í endan segja þeir hvað þeir hafa lært um efnið.

Einnig eru notuð hugtakakort til að glósa það mikilvægasta úr efninu.

#### Námsmat

##### Kannanir

Á hvorri önn taka nemendur tvær kannanir sem gilda hver um sig 15% af lokaekinn.

##### Vinnubók

Verkefni sem unnin eru í tímum gilda alltaf 20 % af lokaekinn hvorrar annar.

##### Skriflegt próf

Í lok hvorrar annar fyrir sig er próf sem gildir 30% af lokaekinn.

##### Mat á frammistöðu í tímum

Virgni og þátttaka í tímum er metið til einkunnar og gildir 20 % hverja önn.

Heiti áætlunar: Upplýsingatækni6-7

Tímabil: 20.10.2015-31.05.2016

Hópur: 7. bekkur

Nafn: Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

## Upplýsingamennt

### Meningarlæsi

- vita að til eru lög um höfundarrétt og skilja þýðingu þeirra við vinnu með upplýsingar
- sýna skilning á siðferðislegri ábyrgð sinni við framsetningu efnis á vef og sambærilegum miðlum svo sem tölvuráðstefnum og í tölvupósti

### Tæknilæsi

- hafa náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborð, tileinkað sér blindskrift og réttar vinnustellingar
- geta sett inn myndir og gröf og töflur í texta
- kunna skil á póstforritum til að hafa samskipti við aðra nemendur innanlands og erlendis
- kunna meðferð á myndum og texta af geisladiskum og af Neti
- kunna að búa til möppur og nota möppur í tölvum
- geta brotið um flókinn texta með myndum, s.s. bekkjarblað
- kunna á alla sérlykla á lyklaborði
- geta nýtt sér glærugerðarforrit
- geta notað tölvuorðabækur og yfirlestrarforrit á íslensku og öðrum tungumálum

### Upplýsingalæsi

- kunna að leita í helstu handbókum, alfræðiorðabókum, fræðibókum og margmiðlunardiskum
- þekkja helstu leitarmöguleika á Netinu
- geta leitað að gögnum eftir flokkunarkerfi skólasafnsins (Dewey)

### Námsgögn

- Efni frá kennara
- Efni af nams.is
- Efni af scratch.mit.edu

---

#### Kennsluaðferðir

**Bein kennsla**  
**Upplýsingartækni**  
**Þjálfunarforrit**

---

#### Námsmat

**Mat á frammistöðu í tímum**  
**Sjálfstæð verkefni**

### Annað

Nemendur vinna upplýsingatækni í lotum, ca. 8 vikur hver hópur.

Nemendur læra einfalda forritun, vinnu í Word, Excel og Publisher.

Nemendur læra að búa sér til netfang og senda tölvupóst.

Þá kynnast þeir einfaldri forritun af scratch.mit.edu og fá að kynnast kahoot til að gera spurningar